

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0027
LA

Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn um niðurdælingarholur við Kröflustöð

Við er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 13. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn niðurdælingahola fyrir förgun þéttivatns frá Kröflustöð.

Áætlað er að bora tvær, allt að 300 m djúpar, borholur við kælituren Kröflustöðvar. Markmiðið er að nota borholurnar sem niðurdælingarholur fyrir þéttivatni og uppleystum efnum (þungmálmar og brennisteinsleðju) sem berast með þéttivatni frá kælitureninum og um leið draga úr umhverfisáhrifum á Dallæk þar sem meginhluta af þéttivatni er fargað í dag. Þéttivatnið sem dæla á niður er allt að 90 l/s af 22°C heitu þéttivatni. Styrkur fasts brennisteins er um 10-14 ppm í þéttivatninu. Frá 2022 hafa verið gerðar niðurdælingaprófanir, þ.m.t. ferilefnapróf, á borholu KN-01 til að kanna áhrif niðurdælingar á grunnvatn nærri virkjuninni og nærri Mývatni. Niðurstöður ferilefnaprófsins sýna enga svörun í holun nærri Mývatni og engin sjáanleg áhrif niðurdælingar koma fram í grunnvatnsstraumi suður af virkjuninni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynningu um ákvörðun til matsskyldu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við borstæði nýrra borhola sem verða staðsettar á áður röskuðu svæði. Stofnunin telur mikilvægt að vakta vel áhrif þéttivatns á grunnvatn, s.s. breytingar á efnasamsetningu og hitastigi, við full afköst niðurdælingar og þá sérstaklega með tillit til áhrifa á grunnvatns sem streymir út í Mývatn. Þá þarf að kanna hvort niðurdælingin hafi áhrif á grunnvatnsstöðu innan áhrifasvæðisins.

Náttúrufræðistofnun telur nokkra hættu fylgja hreinsun brennisteins í niðurdælingaholum, sem er a.m.k. einu sinni á ári, þegar viðtaka holanna hefur dregist saman. Hreinsun brennisteins í holun felst í að dælt er tímabundið niður í holurnar yfir 140°C heitu skiljuvatni til að leysa upp brennistein. Stofnunin telur að fylgjast þarf sérstaklega vel með hreinsun brennisteins í niðurdælingarholun og vakta áhrif þess á grunnvatn.

Fram kemur að vöktun á grunnvatni er til staðar og niðurstöður prófana á niðurdælingu þéttivatns í holu KN-01 benda til þess að umhverfisáhrif á grunnvatnsstreymi og Mývatn séu í lágmarki eða hverfandi.

Út frá ofangreindu telur Náttúrufræðistofnun að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í fullt mat á umhverfisáhrifum, en leggur til að vöktun verði aukin í upphafi niðurdælingar í nýjum



borholum og við hreinsun brennisteins í holunum. Þörf er á aðgerðaráætlun um hvernig bregðast eigi við breytingum umhverfispáttá á framkvæmdartíma með það að markmiði að lámaka neikvæð áhrif niðurdælingar á grunnvatn.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

